

Fundargerð – Stjórn Fiskeldissjóðs (til samþykktar)

110. fundur

Dagsetning: Fimmtudagur 9. október 2025. **Tími:** kl. 10:05–10:57. **Staður:** Teams

Mætt: Gunnar Karl Guðmundsson, Kjartan Dige Baldursson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Jón Baldur Lorange, sem ritaði fundargerð, og Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir.

Fundargerð

1. Kynning á nýjum starfsmanni

Jón Baldur Lorange, sérfræðingur á skrifstofu fjármála og innri þjónustu í atvinnuvegaráðuneytinu, mun taka við umsýslu sjóðsins í stað Lilju Hrannar. Ingibjörg Guðmundsdóttir, sérfræðingur á sömu skrifstofu, mun einnig sinna umsýslu sjóðsins.

2. Álitsgerð Logos

- Mögulega þarf að endurskoða orðalag úthlutunarregla í samræmi við niðurstöður álitsgerðar.
- Varðandi EES-samninginn og ríkisaðstoð: ráðuneytið (Brynja Stephanie Swan, sérfræðingur á skrifstofa viðskipta og markaða) skoðar málið. Lilja Hrönn fer yfir málið með henni.
- Stjórnin telur að álitsgerðin sé í aðalatriðum staðfesting á þeim verkferlum sem sjóðurinn hefur fylgt.

3. Kynning fyrir sveitarstjóra

Farið var yfir kynningarefni fyrir sveitarstjóra.

4. Lokaskýrslur og breytingar á fjármögnun

Rætt um mikilvægi þess að skila vandaðri lokaskýrslu. Fjármögnun þarf að taka mið af breytingum ef verkefni breytist frá því sem sótt var um.

5. Fundir með sveitarfélögum - skipulag og tímalína

Gert er ráð fyrir allt að 60 mínútna fundartíma með hverju sveitarfélagi. Fundað verður með alls sjö sveitarstjórum.

Fundi slitið kl. 10:57.

Jón Baldur ritaði fundargerð.

/samþykkt á fundi 20.11.2025